

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

592. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. mars 2009 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV frá 17. mars sl.
2. Upplýsingar v/ aðalfundar Veiðifélags Víðdalsár.
3. Bréf Þórs Magnússonar, fyrrv. þjóðminjavarðar.
4. Bréf Framkvæmdastjóra SSNV v/ fundarboðs Samgönguráðs, SSNV og Eyþings.
5. Bréf forstöðumanns Tæknideildar v/ erindis Jóhannesar Björnssonar.
6. Bréf formanns USVH.
7. Fundarboð; Aðalfundur Veiðifélags Víðidalstunguheiðar og almennur fundur fjallskiladeildar Víðdælinga.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 17. mars sl.
2. Til kynningar lagðar fram upplýsingar frá aðalfundi Veiðifélags Víðdalsár sem haldinn var 28. mars sl.
3. Fram lagt bréf Þórs Magnússonar, fyrrv. þjóðminjavarðar. Í bréfinu fjallar Þór um stöðu og rekstur Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna í fortíð, nútíð og framtíð. Byggðarráð samþykkir að óska eftir viðræðum um málefni safnsins með fulltrúum eigenda, stjórn og starfsmanni.
4. Fram lagt bréf framkvæmdastjóra SSNV v/ fundarboðs Samgönguráðs, SSNV og Eyþings en þessir aðilar boða til vinnufundar vegna vinnu við gerð samgönguáætlunar 2011-2022. Fundurinn verður haldinn á Akureyri 1. apríl nk. kl. 12:30. Samþykkt að senda fulltrúa á fundinn.
5. Fram lagðar upplýsingar frá tæknideild í framhaldi af erindi Jóhannesar Björnssonar. Í bréfinu kemur fram að farið hafið verið yfir framkvæmd sorphirðu í dreifbýli. Frekari umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar.
6. Bréf formanns USVH lagt fram. Í bréfinu er fjallað um viðræður sem fram hafa farið milli USVH og Húnaþings vestra um hvort umræddir aðilar eigi að sækja um til UMFÍ að halda Unglingalandsmót UMFÍ á Hvammstanga sumarið 2011. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga og leggja fyrir næsta fund.
7. Fram lagt fundarboð aðalfundar Veiðifélags Víðidalstunguheiðar og almenns fundar fjallskiladeildar Víðdælinga. Aðalfundur veiðifélagins verður haldinn í Félagsheimilinu Víðihlíð kl. 20:30 og fundur fjallskiladeildarinnar að honum loknum á sama stað. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Samþykkt að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verði haldinn þann 16. apríl nk. kl. 10:00 í stað 9. apríl nk. sem er Skírdagur.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Stjórn Húnaþings Vestra
Þórs Magnússon
Jóhanna Björnsdóttir

Áheyrnarfulltrúi:

Ólafur Björguðsson

Fundi slitið kl. 11.35

Ólafur Björguðsson